
Innskráning í Innu

Inna - aðgangur nemenda FAS

Inna er upplýsingakerfi skólans. Þar sérðu meðal annars stundatöflu, áfanga og tilkynningar.

Þú þarft:

- rafræn skilríki eða annan virkan innskráningarmáta




1. Opnaðu Innu og veldu innskráningarmáta.

Á innskráningarsíðunni geturðu valið Ísland.is, Google, Office eða lykilorð eftir því hvaða aðgangur er virkur.

Rafræn skilríki

Skráðu þig inn með rafrænum skilríkjum

Veldu Ísland.is og fylgdu innskráningarferlinu. Sláðu inn símanúmer og auðkenndu þig með rafrænum skilríkjum.




Athugið

Ef þú notar sameiginlega tölvu skaltu ekki velja að muna símanúmerið.

Heimasíðan og aðalvalmyndin


Þegar innskráningu er lokið

Á heimasíðunni færðu yfirlit yfir stundatöflu, fjærvistir, tilkynningar og áfanga. Hægra megin eru flýtileiðir í algengar aðgerðir.



Opnaðu notandavalmyndina efst til hægri


Þar finnurðu meðal annars Stillingar, þar sem hægt er að stjórna tengdum innskráningarleiðum.



Stillingar og tengdir aðgangar

Stillingar

Veldu Stillingar í notandavalmyndinni og síðan Innskráning með Google og Office 365.



Google og Office 365

Myndin sýnir stöðu tengingar við hvorn aðgang. Hnapparnir Opna/Loka eru notaðir til að breyta tengingunni.

Gott að vita

Ef aðgangur er aftengdur er ekki hægt að nota viðkomandi þjónustu til innskráningar fyrr en tengingin hefur verið opnuð aftur.